

Borholur á Þóroddsstöðum

Jens Tómasson, Kristján Sæmundsson, Sverrir Þórhallsson

Greinargerð JT-KS-SvP-88-01

BORHOLUR Á ÞÓRODDSTÖÐUM

Boruð var 1734 m djúp hola í mars-apríl 1977 við Þóroddstaði í Ölfusi. Eftir borun var holan þrýstiprófuð og dælt um 6000 tonnum af köldu vatni niður í holuna. Um mánaðamótin ágúst, september 1977 var loftdælt úr holunni um tvo sólarhringa og voru dæluafköst 8-14 l/s og hiti 95-90°C. Það var sett hitahámark eftir að byrjað var að dæla vegna þess að það er viðsnúinn hitaferill í holunni.

Nokkrum árum eftir lok borunar var sett djúpdæla í holuna og hefur verið dælt úr henni samfellt í 4 ár. Hitinn á vatninu sem dælt er úr holunni er 116°C, dælingarafköst 10-13,5 l/s, niðurdráttur 14-20 m og staða vatnsborðs 14-17 m.

Spurt er hvort hægt sé að koma þessari holu í gos. Hitinn á vatninu er nægilegur til að holan ætti að geta farið í gos, en við vinnslu úr holunni fer vatnsborðið í henni niður fyrir 30 m og er því ekki hægt að fullyrða hvort hún næst í gos.

Við upptekt á dælu mætti prófa að loftdæla holuna og prófa hvort hægt væri að koma henni í gos. Orkustofnun er reiðubúin að leiðbeina við uppsetningu á réttum útbúnaði og framkvæmd loftdælingarinnar.